

verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., ákærður Björn kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., og ákærður Hannes kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl. Annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1954.

Nr. 65/1953. Skapti Davíðsson (Magnús Thorlacius)
gegn

Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Skiptamál. Endurgjaldskrafa og framfærslukrafa í dánarbú.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1953. Krefst hann þess *adallega*, að kröfu stefnda í dánarbú Davíðs Jóhannessonar verði hrundið, en *til vara*, að krafan verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar og greiðsla vaxta og málskostnaðar felld niður. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *adallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, en *til vara*, að krafa hennar í dánarbúið verði tekin til greina með lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar. Enn fremur krefst stefndi málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Skiptaráðandanum í dánarbúi Davíðs Jóhannessonar hefur verið stefnt fyrir hönd dánarbúsins til réttargæzlu fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn, sem máli

skipta um sakarefni, þar á meðal skýrslur aðilja, sem þeir hafa gefið fyrir dómi, eftir að málinu var áfrýjað.

Kröfu stefnda í dánarbú Davíðs Jóhannessonar, eins og henni er nú háttað, má greina í tvo aðalþætti:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Krafa vegna endurbóta á húseigninni | |
| Vegamótastíg 9 | kr. 21.909,00 |
| 2. Krafa vegna framfærslu Davíðs Jóhannessonar | — 18.000,00 |

Samtals kr. 39.909,00

Um 1. Stefndi og eiginmaður hennar höfðu íbúð í húsinu nr. 9 við Vegamótastíg í Reykjavík, sem var eign föður málsaðilja, Davíðs Jóhannessonar. Eftir að eiginkona Davíðs og móðir málsaðilja andaðist hinn 18. maí 1937, höfðu stefndi og eiginmaður hennar til afnota tvær stofur og eldhús á aðalhæð hússins, en árið 1948 fengu þau til viðbótar tvö herbergi á lofthæð hússins. Sjálfur bjó Davíð eftir lát eiginkonu sinnar í einu herbergi á aðalhæðinni, en stefndi virðist þó hafa haft nokkur not af því herbergi ásamt Davíð. Davíð lézt hinn 2. október 1950.

Árið 1945 létu stefndi og eiginmaður hennar setja miðstöðvarhitun í húsið. Greiddu þau kostnað af þeirri framkvæmd að undanteknum kr. 3.000,00, er Davíð lagði til. Er ekki sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að hjónin hafi endurgreitt Davíð þá fjárhæð. Árið 1949 létu hjónin enn fremur gera ýmsar endurbætur á húsinu, m. a. eldhúsi þess og þvotta-herbergi. Greiddu þau allan kostnað af þeim framkvæmdum.

Í máli þessu hefur stefndi lagt fram ýmsa kostnaðarreikninga vegna nefndra endurbóta á húsinu. Hún kveður þó, að ekki hafi öllum slíkum reikningum verið haldið til haga, og hafi kostnaðurinn orðið mun meiri en hinir framlögðu reikningar sýna. Af þeim sökum fékk stefndi tvo menn dómkvadda til að meta til peningaverðs breytingar þær og endurbætur, sem þau hjónin höfðu látið gera á húsinu árin 1945 og 1949. Í matsgerð, dags. 13. marz 1953, meta hinir dómkvöddu menn kostnað vegna endurbótanna kr. 21.909,00, ef miðað er við árið 1949, en kr. 37.379,00, sé miðað við árið 1953, þ. e. þann tíma, er mat var framkvæmt.

Áfrýjandi telur stefnda ekki eiga neina kröfu á hendur dánarbúinu vegna endurbótanna, með því að þær hafi verið gerðar í óleyfi Davíðs og jafnvel gegn banni hans. Af gögnum málsins er ljóst, að Davíð hefur samþykkt endurbætur þær, er gerðar voru árið 1945, og ekkert bendir til, að hann hafi haft á móti breytingum þeim, er gerðar voru árið 1949. Verður þessum mótbárum áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt. Til vara hefur áfrýjandi krafizt þess, að frá þessum kröfulið verði dregnar þær kr. 3.000,00, sem Davíð greiddi af kostnaði vegna miðstöðvarlagningarinnar árið 1945.

Aðiljar máls þessa eru einkaerfingjar Davíðs Jóhannessonar. Meginhluti eigna Davíðs var húseignin nr. 9 við Vegamótastíg og 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II í Laugardal. Hafði áfrýjandi hlotið 3/16 hluta nefndrar jarðar í móðurarf. Stefndi heldur því fram, að það hafi jafnan verið tilætlun Davíðs, að áfrýjandi hlyti jörðina Útey II, en að húseignin nr. 9 við Vegamótastíg félli í hennar hlut. Hafi Davíð og árið 1949 afhent áfrýjanda eignarhluta sinn í Útey II sem fyrir fram greiddan arf, en hins vegar hafi hann ekki verið búinn að koma því í framkvæmd, er hann lézt, að afhenda stefnda eignarráð að húseigninni. Kveður stefndi þau hjónin hafa ráðizt í að kosta endurbætur á húsinu með það fyrir augum og í því trausti, að þau væru að búa í haginn fyrir sig sjálf, þar sem stefndi ætti að fá húsið í sinn arfahluta. Nú hafi hins vegar farið svo, að þau hjónin hafi orðið að kaupa húsið á uppboði, sem fram fór samkvæmt kröfu áfrýjanda hinn 5. desember 1952, fyrir kr. 250.000,00. Hafi uppboðsverð hússins orðið að miklum mun hærra vegna endurbótanna, og komi þar ekki einungis til greina upphaflegt kostnaðarverð þeirra, heldur einnig mikil verðhækkun, sem á þeim hafi orðið, frá því að þær voru gerðar og þangað til uppboð fór fram. Sýni matsgerðin þetta ljóslega, þar sem endurbæturnar séu virtar á kr. 21.909,00 miðað við árið 1949, en á kr. 37.379,00, ef miðað er við þann tíma, sem mat var framkvæmt, rúmum þremur mánuðum eftir að uppboð fór fram. Telur stefndi, að dánarbúið eigi ekki að auðgast á endurbótunum, eins og til þeirra var stofnað.

Þegar athugaðar eru allar aðstæður að breytingum þeim og endurbótum, sem stefndi og eiginmaður hennar létu gera á húsinu, þykir réttmætt, að þau njóti hagnaðar af verðhækkun endurbótanna. Samkvæmt því verður krafa stefnda um kr. 21.909,00 vegna endurbótanna alls ekki talin of há, og ber því að taka þenna kröfulið til greina.

Um 2. Þegar eiginkona Davíðs andaðist árið 1937, var hann kominn hátt á áttæðisaldur. Eftir þenna tíma kveðst stefndi hafa lagt honum til fæði, þjónustu að nokkru leyti, ljós, hita og ræstingu herbergis. Hluti Davíðs af eftirgjaldi af Útey II mun þó hafa gengið til framfæris hans, en samkvæmt gögnum málsins var árlegt eftirgjald af allri jörðinni Útey II 4 sauðkindur tveggja vetra og 16 kg af smjöri. Fyrir framfæri það og aðhlyningu, sem stefndi lét Davíð í té, telur hún ógoldnar kr. 18.000,00, eða sem svarar kr. 1.500,00 á ári til jafnaðar síðustu 12 æviár Davíðs. Kveðst stefndi við ákvörðun þeirrar fjárhæðar taka tillit til, að þau hjónin hafi á þessu tímabili ýmist greitt litla eða enga húsaleigu.

Áfrýjandi hefur talið þenna kröfulið eða mikinn hluta hans fallinn niður fyrir fyrningu. Þegar litið er til ættarsambands stefnda og Davíðs Jóhannessonar og hvernig háttað var þeim samskiptum þeirra, sem hér skipta máli, þykir lögjöfnun frá 8. gr. laga nr. 14/1905 leiða til þess, að kröfuliður þessi verði ekki talinn að neinu leyti fallinn niður vegna fyrningar.

Við mat á þeim kröfulið, sem hér liggur fyrir, hafa eftirgreind atriði einkum verið höfð til hliðsjónar: Annars vegar verðlag á framfærslu karlmanna á Elliheimilinu Grund í Reykjavík á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og er þá haft í huga, að stefndi lagði Davíð ekki til húsnæði og ekki heldur þjónustu að fullu. Svo hefur og verið athugað verðlag á ódýrasta karlmannsfæði samkvæmt opinberum verðlagsákvæðum, meðan slík ákvæði voru í gildi, og verðlag ljóss, hita, ræstingar og þjónustu á nefndu tímabili. Hins vegar til frádráttar húsaleiga eftir íbúð stefnda á sama tíma, eins og hún mátti vera hæst samkvæmt húsaleigulögum, og hefur í því skyni verið aflað leigumats húsaleigunefndar. Hér kemur og til frádráttar hluti Davíðs af eftirgjaldi Úteyjar II, sem gekk til framfæris hans, svo og hæfilegt gjald fyrir afnot stefnda af

herbergi því, er Davíð bjó í. Hefur athugun á þessum atriðum leitt í ljós, að krafa stefnda samkvæmt þessum kröfulið verður ekki talin ósanngjörn, og ber því að taka hana til greina.

Krafa stefnda var borin fram í skiptarétti Reykjavíkur hinn 27. nóvember 1951, og var málið eftir það sótt og varið fyrir skiptadómi. Vaxta af fjárhæðinni og málskostnaðar í héraði var ekki krafizt af hálfu stefnda fyrr en í munnlegum málflutningi, sem fram fór hinn 20. marz 1953. Af þessum sökum og með skírskotun til 223. gr., sbr. IX. kafla laga nr. 85/1936, verða stefnda ekki gegn mótmælum áfrýjanda dæmdir vextir af fjárhæðinni og ekki heldur málskostnaður fyrir skiptadómi.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.500,00.

Dómsorð:

Stefndi, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar kr. 39.909,00.

Áfrýjandi, Skapti Davíðsson, greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Um kröfugerð aðilja vísa ég til atkvæðis meiri hluta dómenda.

I. Kröfur stefnda fyrir endurbætur á húseigninni Vega-mótastíg 9.

Svo sem í úrskurði skiptaréttarins greinir, létu þau stefndi og eiginmaður hennar gera nokkrar endurbætur á íbúð sinni í ofangreindu húsi á árunum 1945 og 1949. Árið 1945 var sett miðstöðvarkerfi í húsið. Nam kostnaður af því kr. 5.656,71, og galt Davíð heitinn Jóhannesson kr. 3.000,00 af þeirri fjárhæð. Gegn andmælum áfrýjanda er ósannað, að þessi fjárhæð hafi verið endurgreidd Davíð heitnum. Verður því að leggja

til grundvallar, að framlag stefnda og eiginmanns hennar til lagningar miðstöðvarkerfisins hafi numið kr. 2.656,71.

Endurbætur þær, sem gerðar voru árið 1949, virðast hafa verið framkvæmdar án atbeina Davíðs heitins, en ósannað er, að hann hafi borið fram andmæli gegn þeim. Þar sem hann bjó þá í húsinu, verður því að gera ráð fyrir, að þær hafi verið gerðar með vitund hans og samþykki. Eigi er í ljós leitt, hver kostnaður varð af endurbótum þessum, en dómkvaddir matsmenn hafa áætlað þann kostnað kr. 14.225,57. Þeir telja, að kostnaður af hvorum tveggja endurbótunum mundi hafa numið alls kr. 37.379,00, ef þær hefðu farið fram í byrjun árs 1953, og var aðalkrafa stefnda í héraði við það miðuð. Hins vegar hefur ekki verið metið, hve söluverð hússins mundi þá hafa orðið herra sökum þessara framkvæmda.

Að vísu er sennilegt, að stefndi hafi, einkum er síðari endurbæturnar fóru fram, gert sér nokkrar vonir um, að ofangreind húseign mundi falla í hennar hlut, er til skipta kæmi á dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, og hún því verða aðnjótandi þeirrar verðhækkunar, sem af þeim kynni að leiða. Hins vegar brestur algerlega sönnun fyrir því, að Davíð heitinn hafi lofað að afsala henni eða þeim hjónum húseigninni eða þau af öðrum sökum hafi mátt treysta því, að svo yrði. Þar af leiðir, að stefndi á einungis kröfu í búið fyrir kostnaðarverði endurbótanna, að svo miklu leyti sem það var greitt af henni. Nemur krafan samkvæmt framanskráðu kr. 2.656,71 + kr. 14.225,57 = kr. 16.882,28.

II. Framfærslukrafa stefnda á hendur dánarbúinu.

Svo sem frá er skýrt í úrskurði skiptaréttarins, hefur áfrýjandi það eftir föður sínum, að fæði hans umfram það, sem hann lagði á borð með sér, hafi átt að jafnast á móti húsaleigu þeirri, sem stefndi og eiginmaður hennar áttu að greiða honum. Sannanir brestur fyrir því, að berum orðum hafi verið svo um samið sem áfrýjandi heldur fram. En þegar litið er til þess, að á þeim tíma, er Davíð heitinn tók að hafa fæði og aðhlyningu hjá stefnda, mundi sanngjörn húsaleiga ásamt því, sem hann lagði til heimilisins, hafa jafnast á við kost hans og að viðurkennt er, að því máli hafi aldrei verið hreyft við Davíð, að stefnda eða þeim hjónum bæri meiri

greiðsla úr hans hendi, verður að telja, að samkomulag hafi a. m. k. orðið um það í framkvæmd, að þetta skyldi jafnast. Styrkist þetta af því, að á skattskýrslum sínum taldi Davíð heitinn sig ekki skulda stefnda annað en nokkurn hluta af móðurarfi hennar og að játað er, að á skattskýrslum eiginmanns stefnda hafi ekki verið talin fram önnur krafa á hendur Davíð heitnum.

Af því, sem nú hefur verið rakið, leiðir, að líta verður á fæði það og aðhlyningu, er Davíð heitinn naut hjá stefnda, sem greiðslu á húsaleigu. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 var stefnda heimilt að krefja bú hans um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem á þenna hátt mátti telja ofgreidda, eftir að hámark var sett á húsaleigu. Verður því að meta annars vegar, hversu hárrí fjárhæð kostur sá og aðhlyning, sem Davíð heitinn naut hjá stefnda, mundi hafa numið, en hins vegar, hverju lögmæt leiga af húsnæði því, sem stefndi hafði til afnota, hefði mátt nema.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn til að sýna, hvað fæðiskaupendur urðu að greiða á matsölustöðum hér í bæ á því tímabili, sem hér skiptir máli. Við þetta tel ég hins vegar eigi unnt að miða, eins og sambandi stefnda og Davíðs heitins var háttað. Þá hefur verið leitt í ljós, hvað vistmenn á Elliheimilinu Grund hafa orðið að greiða fyrir veru sína þar á nefndu 12 ára tímabili (1/10'38—1/10'50), og nemur það um kr. 51.000,00. Þegar litið er til þessa og hins er einnig gætt, að Davíð heitinn lagði á borð með sér kjöt og smjör, að verðmæti samtals kr. 5.800,00, og að hann lagði sér sjálfur til húsnæði og að nokkru leyti þjónustu, tel ég hæfilegt að áætla verðmæti þess, sem stefndi lét honum í té, kr. 38.000,00.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, fór fram mat húsaleigunefndar á húsnæði því, sem Davíð heitinn lét stefnda í té. Taldi húsaleigunefnd hæfilega grunnleigu á íbúð þeirri, er hún og eiginmaður hennar höfðu til einkaumráða, kr. 95,00 á mánuði. Enn fremur höfðu þau hjónin sameiginleg afnot með Davíð heitnum af einu herbergi, en hæfileg grunnleiga af því hefur verið metin kr. 40,00 á mánuði. Eftir því, sem leitt er í ljós um afnot stefnda af herbergi þessu, tel ég rétt að reikna stefnda til gjalda $\frac{1}{2}$ leigu af því, þ. e. kr. 20,00.

Nemur þá grunnleigan af húsnæði því, sem stefndi hafði til afnota allt umrætt tímabil, kr. 115,00 á mánuði.

Hér fyrir dómi hefur verið sýnd skrá yfir lögmætt álag á húsaleigu hér í bæ, frá því að það var heimilað og til andláts Davíðs heitins. Samkvæmt henni mundi leigugreiðsla þessi að álagi meðtöldu nema samtals kr. 21.483,15.

Frá 1. október 1948 til andláts Davíðs heitins hafði stefndi enn fremur til afnota tvö lítil herbergi í rishæð ofangreinds húss. Hefur grunnleiga af þessum herbergjum verið metin kr. 50,00 á mánuði, og nemur leigan þá ásamt álagi samtals kr. 1.882,50 umrætt tveggja ára tímabil.

Einhvern tíma á árinu 1949 var gengið frá þvottaherbergi í kjallara Vegamótastígs 9 til afnota fyrir stefnda. Hefur húsaleigunefnd metið leigu fyrir það ásamt geymslu, sem virðist hafa verið gengið frá samtímis, kr. 20,00 á mánuði. Frá árslokum 1949 til septemberloka 1950 nemur leiga þessi ásamt álagi kr. 297,60.

Miðað við mat húsaleigunefndar mundi húsaleigugreiðsla stefnda og eiginmanns hennar til Davíðs heitins því hafa numið kr. 21.483,15 + kr. 1.882,50 + kr. 297,60 = kr. 23.663,25. Viðurkennt er af stefnda, að þau hjónin hafi ýmist litla eða enga húsaleigu greitt, og er eigi sannað gegn andmælum áfrýjanda, að þau hafi greitt meira en kr. 500,00 samtals upp í húsaleigu á umræddu tímabili. Nemur þá ógreidd leiga kr. 23.663,25 ÷ kr. 500,00 = kr. 23.163,25. Ber að draga þessa fjárhæð frá framfærslukröfu stefnda í búið, kr. 38.000,00. Verður þá skuld búsins samkvæmt þessum kröfulið kr. 14.836,75.

Ég get fallizt á það með meiri hluta dómenda, að skuld þessi sé ófyrnd.

Samkvæmt framanskráðu tel ég, að stefndi eigi kröfu til að fá greitt úr dánarbúi Davíðs heitins af óskiptu kr. 16.882,28 + kr. 14.836,75 = kr. 31.719,03.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að stefndi hafi glatað rétti til að bera fram kröfu um vexti, þar eð henni hefur verið mótmælt af áfrýjanda sem of seint fram kominni.

Eftir atvikum tel ég rétt, að hvor aðilja greiði kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Stefndi, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar kr. 31.719,03.

Hvor aðilja greiði kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. apríl 1953.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 20. f. m., hefur sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9 hér í bæ, krafizt þess að fá greitt af óskiptu úr dánarbúi föður síns, Davíðs Jóhannessonar, sem bjó á Vegamótastíg 9 hér í bæ og andaðist 2. október 1950, aðallega kr. 55.379,00, til vara kr. 39.909,00 og til þrautavara kr. 36.347,20 auk 6% ársvaxta af hinni úrskurðuðu upphæð frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Samerfingi hennar í búinu, Skapti Davíðsson, til heimilis að Útey II í Laugardalshreppi í Árnassýslu, hefur mótmælt öllum kröfum hennar í máli þessu og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var tekið upp að nýju 24. f. m. til að afla frekari gagna og var samstundis tekið undir úrskurð aftur.

Hinn 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, til heimilis á Vegamótastíg 9. Uppskrift á eignum búins hófst hinn 29. maí 1951 að viðstaddri dóttur hans, Þórdísi Dagbjörtu, og umboðsmanni sonar hans, Skapta, en þau eru samerfingjar og einir erfingjar að búi þessu. Lýsti sóknaraðili, Þórdís Dagbjört, yfir því við uppskriftina, að hún áskildi sér rétt til þess að koma með kröfugerð á væntanlegum skiptafundi vegna útlagðs kostnaðar vegna búins og uppihaldskostnaðar föður síns. Á skiptafundi í búinu hinn 21. nóvember 1951 lýsti sóknaraðili síðan kröfu í búið, kr. 49.774,73, en þeirri kröfu var samstundis mótmælt af samerfingja sóknaraðilja, Skapta Davíðssyni. Var þegar ákveðið að taka ágreining þenna fyrir í sérstöku máli, og var það þingfest hinn 27. sama mánaðar. Var krafan, sem gerð var þá fyrir réttinum, hin sama og fyrr hafði komið fram og kröfugerðin sundurliðuð þannig:

1. Greitt vegna eignarinnar Vegamótastígs 9 skv. reikningum kr. 16.774,73
2. Greitt vegna sömu eignar, innrétting á þvottahúsi, W.C., eldhús o. fl. — 15.000,00
3. Framfærslukostnaður arfláta í 12 ár, kr. 1.500,00 á ári, miðað við, að framfærandi, Þórdís, hefur haft ókeypis húsnæði hjá arfláta — 18.000,00

Kr. 49.774,73

Undir rekstri málsins hafði sóknaraðili lagt fram ýmsa reikninga yfir viðgerð á húsinu, skráða á nafn eiginmanns sóknaraðilja, sam-

tals að fjárhæð kr. 18.347,20, og gerir hann á réttarskjali nr. 26 kröfu um að fá þá greidda af búinu svo og allt að kr. 10.000,00, sem áætlað er, að fylgiskjöl vanti fyrir, en áskilur sér jafnframt rétt til að láta meta þenna viðbótarlið, ef hann verði ekki samþykktur af varnaraðilja.

Umrætt réttarskjal leggur hann fram í skiptaréttinum 5. marz 1952, og er þar jafnframt bókað, að hann lýsi yfir því, að samkvæmt þessu réttarskjali hafi hann lækkað kröfu sína í búlið, 1. og 2. lið á réttarskjali nr. 2, niður í kr. 28.347,20, en 3. liðurinn, kr. 18.000,00, sé óbreyttur. Í réttarhaldi þessu mótmælti varnaraðili ekki þessum kröfulið, og eftir að aðiljar höfðu fengið sameiginlegan framhaldsfrest til gagnasöfnunar til 13. marz 1952, lýstu þeir yfir því, að gagnasöfnun væri lokið.

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu aðilja dróst munnlegur málflutningur, meðal annars vegna sjúkdóms þess, er með málið fór af hálfu sóknaraðilja. Hinn 9. f. m. lýsti sóknaraðili yfir því, að hann hefði beðið um mat til peningaverðs á breytingum og endurbótum, sem hún og eiginmaður hennar, Ágúst Benediktsson, hefðu látið gera á eigninni nr. 9 við Vegamótastíg, en það mat væri enn ekki komið. Varð samkomulag þá um að fresta máli þessu þar til 17. f. m., en þá var matsgerð þessi lögð fram í málinu, en varnaraðili mótmælti henni þegar sem rangri, löglausri og óviðkomandi málinu, óskuldbindandi fyrir umbjóðanda sinn og of seint fram kominni, en tók hana hins vegar gilda sem staðfest væri.

Sóknaraðili hefur staðhæft hér fyrir réttinum, að upphaflega hafi verið svo til ætlað af föður sínum, að varnaraðili fengi jörðina Útey II í Laugardalshreppi í Árnassýslu, en hún húseignina Vegamótastíg 9 hér í bænum. Hafi hún og eiginmaður hennar því lagt í ýmsan kostnað, svo sem endurbætur og viðhald á húsinu, án þess að ætlað væri til, að faðir hennar endurgreiddi þeim þau útgjöld. Hins vegar hafi hann ekki verið búinn að afhenda sér eignarráðin yfir eigninni, þegar hann dó, og þar sem þessu samkomulagi sé nú mótmælt af varnaraðilja og húseignin hafi þegar verið dregin undir búskiptin sem eign dánarbúsins, þá sé enginn vafi á, að hún eigi að fá greiðslu úr búinu fyrir þær endurbætur og viðhald, sem hún og eiginmaður hennar hafi innt af hendi og aukið þar með verðmæti eignarinnar, eins og bezt komi í ljós af hinu háa söluverði hússins. Í hinna framlögðu matsgerð komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að ef endurbætur þær og viðhald á húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ, sem hún og eiginmaður hennar hafi framkvæmt á húseigninni á árunum 1945—1950, hefðu verið framkvæmdar á árinu 1953, hefði það kostað kr. 37.379,00, en miðað við framkvæmd þeirra á árinu 1949 hefði kostnaðurinn orðið kr. 21.909,00. Er aðalkrafa og varakrafa sóknaraðilja að þessu leyti byggð á þessari matsgerð. Telur sóknaraðili, að sér beri að fá endurgreitt það fé, sem hún hafi lagt fram til breytinga og endurbóta á húseigninni, að viðbætttri verð-

hækkun á þessum endurbótum til þess tíma, er upphætt á húseigninni fór fram, en það hafi verið 5. des. 1952, og eigi sú hækkun að koma sér einni til góða. Geti rétturinn hins vegar ekki fallið á það sjónarmið, beri sér að fá endurgreiddan útlagðan kostnað á þeim tíma, er endurbætur eignarinnar fóru fram, eins og matið til segi, sem sízt sé of hátt. En sjái rétturinn sér yfirleitt ekki fært að leggja matsupphæðina hvoruga til grundvallar kröfu sinni, þá verði þó ekki vefengt, að henni beri að fá hina framlögðu reikninga greidda.

Þá hefur sóknaraðili lýst yfir því, að henni beri að sjálfsögðu greiðsla úr búinu fyrir framfærslu föður síns, frá því er kona hans andaðist, því að þótt hann hafi búið í eigin húsnæði, og leiga sú, er þau hjón greiddu honum, hafi verið lág, þá hafi hann haft hjá þeim fæði og aðra aðhlyningu síðustu 12 ár ævi sinnar, og með hliðsjón af framfærslukostnaði á þeim árum verði ekki talið ósann- gjarnt, þótt hún reikni sér fyrir þessa framfærslu kr. 1.500,00 á ári eða kr. 18.000,00 fyrir allt tímabilið.

Varnaraðili, Skapti Davíðsson, sem hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu, hefur haldið því fram, að sumt af þeim viðgerðum, sem sóknaraðili hafi látið gera í húsi þessu, hafi verið gert í algeru óleyfi föður síns, eins og til dæmis innanbúnaður í eld- húsi, og beri sóknaraðilja því engin greiðsla fyrir það. Auk þess hafi faðir sinn kostað sumt af viðgerð á húsinu sjálfur, þar á meðal greitt upp í miðstöð kr. 3.000,00, sem hann muni aldrei hafa fengið endur- greitt. Mótmælir hann í því sambandi matsgerðinni sem algerlega þýðingarlausri fyrir mál þetta og búinu óviðkomandi, enda sé matið einnig of seint fram komið.

Þá kveður hann, að faðir sinn hafi sagt sér, eftir að kona hans dó, að húsaleiga Þórdísar ætti að vera andvirði þess, sem hann borðaði hjá henni fram yfir það, sem hann legði á borð með sér, en það hefði verið að minnsta kosti afgjaldið af Úteynni, þar til hann seldi honum jörðina 23. maí 1949, en þá hefði sóknaraðili í stað afgjaldsins fengið hálfu lofthæðina í húsinu til afnota til viðbótar því, er hún áður hafði. Fullyrðir hann, að framfærslukrafa sóknaraðilja í búið hafi ekki við nein rök að styðjast, enda hafi faðir sinn ætíð viljað hafa hrein og glögg reikningsskil við alla. En þótt svo væri, að sóknar- aðili ætti einhverja kröfu á búið fyrir framfærslu föður síns, þá væri sú krafa að mestu fyrnd og yrði af þeim ástæðum því ekki tekin til greina.

Það er ekki vefengt í máli þessu, að sóknaraðili hafi framkvæmt ýmsar viðgerðir og endurbætur á húsinu nr. 9 við Vegamótastíg, sem var eign dánarbús þessa. Verður að telja, að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið, hafi aukið verðmæti húseignarinnar og þar með aukið eignir búsins til hagsbóta erfingjum þess. Það þykir því sjálf- sagt, að sóknaraðili eigi að fá endurgreiðslu úr búinu óskiptu. Ekki þykir samt ástæða til, að hún fái hærri endurgreiðslu en því svarar, sem hún hefur lagt fram, þar sem ekki verður heldur fullkomlega

vitað, hversu mikla verðhækkun á húsinu þessar endurbætur hafi skapað, enda naut hún þeirra sjálf, meðan faðir hennar lifði, þar sem leiga hækkaði ekki fyrir það húsnæði, er hún hafði í húsinu. Þar sem mat það, sem lagt hefur verið fram í máli þessu á endurbótum þeim, er sóknaraðili framkvæmdi á húsinu, verður eigi talið of seint fram komið, þykir réttast að leggja til grundvallar endurgreiðslu úr búinu matsupphæð þá, er miðuð er við verðlag á efni og vinnu árið 1949, enda er það mat lítið eitt hærra en hinir framlögðu reikningar. Ekki verður fallizt á, að frá matsupphæðinni, kr. 21.909,00, verði dregnar þær kr. 3.000,00 sem talið er, að hinn látni hafi greitt af kostnaði við miðstöðvarlagningu, sbr. vottorðið á réttarskj. nr. 21, þar sem hann getur þess sjálfur, um leið og greiðsla fer fram, að tengdasonur sinn ætli að endurgreiða þessa fjárhæð. Verður að ætla samkvæmt framburði sóknaraðilja hér fyrir rétti 24. f. m., að þessi endurgreiðsla hafi farið fram, enda kemur það heim við skattframtal hins látna.

Faðir aðilja var fæddur 4. júní 1861, og var hann því tæpra 76 ára að aldri, þegar kona hans andaðist 18. maí 1937. Það er játað í máli þessu, að hann hafi verið til húsa hjá sóknaraðilja í eigin húsi og haft mat hjá henni, eftir að kona hans dó, á meðan hann lifði. Það er að vísu fram komið í málinu, að hann hafi að einhverju leyti lagt á borð með sér og húsaleiga sóknaraðilja hafi ætíð verið lág, en hins vegar verður ekki talið fullsannað, að hann hafi greitt fullu verði fæði sitt og aðhlyningu, er ætla má, að maður á þessum aldri hafi þurft, og þykir því krafa sóknaraðilja í búið fyrir 12 síðustu æviár föður hennar, kr. 18.000,00, ekki ósanngjörn, þegar virtir eru allir málavextir, sérstaklega almennur framfærslukostnaður á þessum árum. Um fyrningu á kröfu þessari er ekki að ræða þegar af þeirri ástæðu, að hinn látni hefur alla tíð, þar til hann andaðist, látið í té nokkurt endurgjald fyrir framfærslu sína, enda ekki séð, að ein-dagi þeirrar greiðslu hafi verið fyrr en eftir andlát hans.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, að sóknaraðili fái greitt úr búinu af óskiptu fyrir endurbætur á húsinu og framfærslukostnað fyrir föður sinn samtals kr. 39.909,00 ásamt 6% árs-vöxtum, frá því að krafan kom sundurliðuð fram í rétti hinn 21. nóvember 1951 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 2.000,00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar kr. 39.909,00 með 6% ársvöxtum frá 21. nóvember 1951 til greiðsludags.

Þá greiði varnaraðili, Skapti Davíðsson, sóknaraðilja, Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, kr. 2.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.